

## Rafrænn hluthafafundur Origo hf.

verður haldinn fimmtudaginn 1. desember 2022 kl. 14:00

### Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.

Á fundinum verður lögð fram tillaga stjórnar um að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 295.000.000 að nafnverði með greiðslu að fjárhæð kr. 24.000.000.000 til hluthafa. Felur tillagan jafnframt í sér breytingartillögu á grein 2.1. í samþykktum félagsins, þannig að hlutafé félagsins lækki úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000, til samræmis við hlutafjálækkunina.

2. Önnur mál.

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 4.4. í samþykktum félagsins að hluthafafundurinn verði eingöngu haldinn rafrænn. Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasíðu félagsins [www.origo.is](http://www.origo.is). Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumi þar sem hluthafar geta fylgst með fundarstörfum og tekið þátt í atkvæðagreiðslum. Nánari leiðbeiningar og upplýsingar um rafræna þátttöku, aðgangsorð og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins. **Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent aðgangsorð og hluthöfum því bent að sækja um aðgangsorð tímanlega.**

Hluthöfum sem þess óska er velkomið að vera viðstaddir hluthafafund félagsins í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37. Atkvæðagreiðslur og umræður verða einungis rafrænar á fundinum.

### Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 14:00 mánudaginn 21. nóvember 2022. Tillögur skulu berast á netfangið [stjorn@origo.is](mailto:stjorn@origo.is).

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

## Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn, þ.m.t. endanlegar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins, eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir hluthafafundinn, í samræmi við samþykktir félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 8. nóvember 2022

stjórn Origo hf.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn er að finna á heimasíðu félagsins, [www.origo.is](http://www.origo.is).

## Viðhengi

---

**Rafrænn hluthafafundur Origo hf.**

**Origo Hf Dagskrá Hluthafafundar 1 Desember 2022**

**Origo Hf Tillögur Stjórnar Fyrir Hluthafafund 1 Desember 2022**